

**Mál nr. 202/2017****vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys dags. 4.4.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttekið 21.6.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 13.7.2017.

Bréf M dags. 21.7.2017.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu vegna vinnuslyss M kemur fram að hann hafi verið við vinnu sína við að hreinsa deiglu með þar til gerðri stöng sem tengist súr með stálvíraslöngu þegar samsetning stangar og slöngu hafi gefið sig með þeim afleiðingum að gat kom á vinnuhanska M og brenndi vinstri hönd hans. Í lögregluskýrslunni kemur einnig fram að M hafi verið að vinna með gamla slöngu sem hafi verið nokkuð tætt en ný slanga hafi legið á gólfu við hlið þeirrar sem M vann við.

M telur að slys hans verði rakið til þess að M hafi verið látinn ófullnægjandi búnaður í té til verksins sem hann átti að vinna, skýrt komi fram í lögregluskýrslu að sú slanga sem M notaði hafi verið vanbúin og ekki hafi komið fram fullnægjandi skýringar á tilhögun öryggismála hjá X.

V telur hins vegar að ekki sé sannað að sú slanga sem M notaði hafi verið vanbúin þó að í lögregluskýrslu segi að hún hafi verið tætt. Ekki sé sýnt að slangan hafi verið skemmd eða í þannig ástandi að hættulegt hafi verið að nota hana. Einnig bendir V á að M hafi átt þess kost að nota nýrri slöngu og hafi hann sjálfur verið fær um að meta það sökum langrar starfsreynslu hjá X.

**Álit.**

Í lögregluskýrslu vegna málsins er sérstaklega tekið fram að sú slanga sem M notaði til hreinsunar hafi verið tætt. Þegar litið er til lýsinga af aðdraganda tjónsatviksins verður ekki annað séð en að slangan hafi gefið sig vegna þess ástands og það hafi leitt til líkamstjóns M. X, sem vinnuveitanda M, bar að ganga úr skugga um að sá búnaður sem M hafði til þess verks sem hann innti af hendi væri ekki vanbúinn. Ekki er hægt að skilja athugasemdir í lögregluskýrslu um ástand slöngunnar, þ.e. að hún hafi verið tætt, öðruvísi en að hún hafi verið vanbúin til verksins sem verið var að vinna. Verður X að bera ábyrgð á því. Þó önnur slanga hafi verið á vinnustaðnum telst ekki sýnt að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr.a skaðabótalaga að hann beri tjón sitt sjálfur að fullu eða að hluta.

**Niðurstaða.**

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.